



2524-Skipulagslýsing

Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni Birgi og hluta Króks í Borgarhöfn

4. útgáfa – 03.12.2025

Breytingar á Skipulagslýsingu:

Útgáfa 4 – breytt 02.12.25

1. Breytingar hafa verið gerðar á texta í kafla 1, Inngangur.
2. Kafli 2.2 Staðhættir hefur verið endurskrifaður og mynd 4 hefur verið bætt við.
3. Kafla 5-2 hefur verið breytt.

1	INNGANGUR	4
1.1	SKIPULAGSLÝSING.....	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR.....	5
2.1	FORSENDUR	5
2.2	STAÐHÆTTIR	6
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2024-2038.....	8
3.2	AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2012-2030	8
3.3	DEILISKIPULAG.....	9
3.4	FORNMINJAR.....	9
3.5	VATNAÁÆTLUN 2022-2027	11
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA.....	13
4.1	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	13
4.2	VALKOSTIR.....	13
4.3	UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁÆTLANIR	13
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15
5.1	UMSAGNARAÐILAR	15
5.2	SKIPULAGSFERLIÐ	15

1 INNGANGUR

Sett er fram sameiginleg skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012–2030 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við 40. gr. laganna. Skipulagsáformin ná til jarðarinnar Birgi og hluta Króks í Borgarhöfn, sem eru samtals um 21,2 ha að flatarmáli, þar af er Birgi 16,1 ha og hluti Króks 5,1 ha.

Birgi

Á jörðinni Birgi er markmið breytingarinnar að heimila uppbyggingu hótels og starfsmannaaðstöðu tengdri rekstri þess.

Gert er ráð fyrir þriggja til fjögurra stjörnu gististað með allt að 80 herbergjum, reistum úr forsmíðuðum einingum, þar sem gæði og þjónusta verði sambærileg Hóтели Jökulsárlóns. Starfsmannaaðstaða fyrir hótelið verður staðsett á jörðinni Birgi, nær hótelinu sjálfu og sömu megin þjóðveggar.

Einungis afmarkað svæði Birgis verður nýtt undir hótelfarfseminna, en annað land jarðarinnar verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland, í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Krókur

Á landi Króks er gert ráð fyrir um 300–400 m² húsnæði sem verður skipt í allt að fimm smærri einingar, þar sem hvert hús er áætlað um 40–60 m² að stærð. Um er að ræða aðstöðu fyrir starfsfólk ferðaþjónustu og fellur hún því ekki undir íbúðarbyggð. Einungis afmarkaður hluti landsins verður skilgreindur sem þjónustubbyggð, en meginhluti jarðarinnar helst áfram skilgreindur sem landbúnaðarland.

Skipulagsvinnan mun afmarka heildstæða uppbyggingu ferðaþjónustu og tengdra mannvirkja í Borgarhöfn og tryggja samræmi við stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun ferðaþjónustu. Skipulags- og byggingarskilmálar verða nánar útfærðir í deiliskipulagi sem verður unnið og kynnt samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Unnin verður matstilkynning til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, þar sem framkvæmdin telst tilkynningarskyld. Fyrirspurn um matsskyldu verður unnin samhliða skipulagsáætlunum.



Mynd 1. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins. Mynd frá Já.is

1.1 SKIPULAGSLÝSING

Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að kynna fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags fyrir jarðirnar Birgi og hluta Króks í Borgarhöfn. Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með henni er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um afmörkun, markmið og helstu forsendur verkefnisins á þessu stigi ferlisins.


2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 FORSENDUR

Á undanförunum árum hefur ferðamönnum á Suðurlandi fjölgað verulega og eftirspurn eftir gistingu og þjónustu haldist mikil. Til að mæta þessari þróun—dreifa álagi, auka öryggi og bæta upplifun gesta—er þörf á markvissri uppbyggingu á fyrir fram skilgreindum stöðum. Í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012–2030 er lögð áhersla á sjálfbæra eflingu ferðaþjónustu í sveitunum og eru svæði á borð við Borgarhöfn og Lækjarhús skilgreind sem hluti af „megin-seglum“ ferðaþjónustu sveitarfélagsins. Breytingin byggir á forsendum EFLU (2018) og DMP Markaðsstofu Suðurlands, þar sem lögð er áhersla á að innviðir og þjónusta fylgi vaxandi eftirspurn með fjölbreyttu framboði sem styður staðbundna verðmætasköpun.

Landeigendur umræddra svæða hyggjast ráðast í uppbyggingu ferðaþjónustu til að mæta eftirspurn eftir gistirýmum á svæðinu. Með breytingunni verður stofnað verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni Birgi fyrir hótél og tilheyrandi starfsmannahúsnæði, auk þess sem gert er ráð fyrir starfsmannahúsnæði í landi Króks sem nýtast geti annarra ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu.

Verkefnið fellur að áherslum sveitarfélagsins um að styðja við fjölbreytt atvinnulíf og jafnvægi í ferðaþjónustu á Suðausturlandi. Með uppbyggingunni verður stuðlað að aukinni verðmætasköpun, atvinnu og heilsársnýtingu svæðisins.



Mynd 2. Meginsegla í ferðaþjónustu í Hornafirði. Heimild: Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.

2.2 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er um 21,2 ha að flatarmáli. Það liggur milli strandlínu og fjalls í Borgarhafnardal; sunnan Þjóðveggar 1 hallar landið til sjávar, en norðan vegarins hækkar það upp að Borgarhafnarfjalli. Svæðið liggur milli Hestgerðis, Vagnstaða og Neðribæjar í Borgarhöfn, Suðursveit, í sveitarfélaginu Hornafirði. Þessi býli eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi og þar er þegar til staðar uppbygging tengd ferðaþjónustu og íbúðarhúsnæði.

Skipulagssvæðið er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L-1). Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar fellur stærsti hluti svæðisins í vistgerðina L14.2 – tún og akurlendi, sem bendir til lands sem hefur þegar verið tekið til ræktunar eða er vel fallið til ræktunar. Einnig má finna innan svæðisins svæði sem flokkast sem mólendi (L10) og votlendi (L8), sem hafa breytileg ræktunarskilyrði.

Með hliðsjón af leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Mars 2021) má áætla að tún og akurlendi falli almennt í flokka I–II (mjög gott til gott ræktunarland), þar sem slík svæði uppfylla iðulega grunnskilyrði fyrir ræktun. Svæði sem flokkast sem mólendi eru að jafnaði talin falla í flokk III (sæmilegt ræktunarland), á meðan votlendi fellur í flokk IV þar sem það uppfyllir ekki grunnskilyrði ræktunar án umfangsmikilla framræsluáðgerða.

Landhalli á svæðinu er að mestu hóflegur og innan þeirra viðmiða sem sett eru fyrir ræktað land, og svæðið liggur neðan 300 m hæðarlínu, sem styður við mat á að það geti talist hæft til ræktunar samkvæmt leiðbeiningunum. Þar sem ekki liggja fyrir nákvæm vettvangsgögn um jarðvegsdýpt og framræsluskilyrði ber þó að líta á flokkunina sem áætlað, matskennt mat byggt á fyrirbyggjandi gögnum.

Heildstætt mat á búrekstrarskilyrðum bendir til þess að meginhluti skipulagssvæðisins, sem er skilgreint sem tún og akurlendi, teljist hæft til ræktunar og falli í flokka I–II samkvæmt viðmiðum leiðbeininganna, á meðan svæði mólendis og votlendis falli í flokka III–IV.



Mynd 3. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmdarsvæðið er merkt í rauðum lit. (mynd fengin af vefnum www.natt.is/is/midlun/opin-gogn/kortasjar)



Mynd 4. Mýrlendi. Framkvæmdarsvæðið er merkt í rauðum lit. (mynd fengin af vefnum [Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar](http://AðalskipulagSveitarfélagsinsHornafjarðar))

3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samheppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Loftslagsaðlögun, kolefnishlutleysi og binding gróðurhúsalofttegunda eru undirstaða stefnunnar. Stuðla þarf með markvissum hætti að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun samhliða því að stuðla að seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í stefnunni eru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið um *vernd umhverfis og náttúru* stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Markmið um *velsæld samfélagsins* stuðlar að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

3.2 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2012-2030

Í gildi er Aðalskipulag Hornafjarðar 2012–2030, staðfest 18.09.2014, með síðari breytingum. Aðalskipulagið markar stefnu um „megin-segla“ sem ferðapjónustan byggist upp í kringum, þar á meðal Lækjarhús (sjá mynd 1). Stefna þess er að gera almenningi fært að njóta náttúru og menningar á þessum svæðum, bregðast við álagi, beina athyglinni að fleiri stöðum en þeim mest sóttu og dreifa umferð.

Nánari stefna um ferðapjónustu er sett fram í aðalskipulagsbreytingu sem staðfest var árið 2020.


Stefna aðalskipulagsins er að ferðapjónustan í sveitum Hornafjarðar verði eflð og eftir atvikum samþætt landbúnaði. ... Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, skal skilgreina landnotkun sem „verslunar- og þjónustusvæði.“

Um verslun og þjónustu segir í sömu breytingu:

Vaxtarbroddur í verslun og þjónustu í sveitarfélaginu er einkum á sviði ferðapjónustu, og mikil eftirspurn (er) eftir gistingu. Ferðapjónustufyrirtæki eru hvött til að miðla til gesta

umhverfisáherslum sveitarfélagsins, upplýsingum um flokkun sorps og umgengni um náttúru landsins. Áhersla er lögð á að halda reiðu á fjölgun gistirýma og staðsetningu þeirra, meðan fjallað er um heimildir til annarrar uppbyggingar með almennari hætti. Þar sem fjallað er um gistirými í skipulaginu er almennt miðað við að eitt gistirými rúmi tvo næturgesti nema annað sé tekið fram.

Í sveitum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi; ný mannvirki skulu staðsett í samhengi við eldri búsetu og, eftir atvikum, í tengslum við bæjarhlöður, þannig að þau mynda samfellu við núverandi byggð og séu víkjandi í landslagi. Jafnframt skal vanda til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.



Mynd 5. Hluti að Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

3.3 DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.


3.4 FORNMINJAR

Engar þekktar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Minjastofnunar Íslands. Finnist áður ókunnar fornleifar við rannsóknir eða framkvæmdir skal stöðva vinnu og tilkynna fundinn tafarlaust til Minjastofnunar, sbr. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar er 15 m, en umhverfis friðlýstar fornleifar 100 m, sbr. 22. gr. sömu laga.

Á svæðinu eru þó skráð örnefni samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands: *Byrgi* (auðkenni 97850), sem hefur nafnberi hraun, *Víkur* (auðkenni 97851) sem hefur nafnberi tún, *Kúpuhraun* (auðkenni 97486) sem hefur nafnberi hraun og *Kúpuhraunsteigur* (auðkenni 119634) sem hefur nafnberi engjastykki. Örnefni þessi endurspegla eldri landnýtingu og náttúrufarslega sérstöðu svæðisins.


Örnefni teljast hluti af menningararfi samkvæmt lögum nr. 22/2015 um örnefni. Við gerð deiliskipulags skal því viðhalda viðteknum örnefnum og, komi til nýrra nafngifta, leita umsagnar Örnefnanefndar (Árnastofnun).




Mynd 6. Örnefnið *Víkur* (auðkenni 97851) - skjáskot fengið úr [Kortasjá - Náttúrufræðistofnun](#).



Mynd 7. Örnefnið *Byrgi* (auðkenni 97850) - skjáskot fengið úr [Kortasjá - Náttúrufræðistofnun](#).



Mynd 8. Örnefnið *Kúpuhraun* (auðkenni 97486) - skjáskot fengið úr [Kortasjá - Náttúrufræðistofnun](#).



Mynd 9. Örnefnið *Kúpuhraunsteigur* (auðkenni 119634) - skjáskot fengið úr [Kortasjá - Náttúrufræðistofnun](#).

3.5 VATNAÁÆTLUN 2022-2027

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 26/2011 er að tryggja vernd allra vatna og vistkerfa þeirra, koma í veg fyrir frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þannig að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögin leggja jafnframt áherslu á sjálfbæra nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná þessum markmiðum hefur verið unnin vatnaáætlun ásamt aðgerða- og vöktunaráætlun. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laganna.

Til að meta ástand vatns er því skipt upp í samanburðarhæfar stjórnsýslueiningar, hver með sérstakt raðnúmer. Vatnshlot eru flokkuð sem yfirborðsvatnshlot (straum-, stöðu-, árósa- og strandsjávarvatnshlot) eða grunnvatnshlot. Hluti af vinnunni við að ná umhverfismarkmiðum er að greina álag á vatn um land allt og flokka vatnshlotin eftir því hvort þau séu í hættu eða óvissu um að ná markmiðunum. Samkvæmt lögunum skulu öll yfirborðsvatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi, en grunnvatnshlot skulu bæði vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu.



Mynd 10. Grunnvatnshlot sem skipulagssvæðið tilheyrir. Skjáskot fengið af Vatnavefsjá: vatnavefsja.vedur.is

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Suðursandar nr. 103-296-G (mynd 10). Í dag er magnstaða grunnvatnshlotsins metin góð og efnafræðilegt ástand metið gott. Sunnan við skipulagssvæðisins rennur Borgarhafnará. Þessi á er flokkuð í yfirborðsvatnshlotið Borgarhafnará nr. 103-1035-R. Yfirborðsvatnshlotin má sjá á mynd 10. Í dag er vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlotanna metið mjög gott og efnafræðilegt ástand þeirra metið gott. Vatnshlotin eru ekki metin í hættu og gert er ráð fyrir að umhverfismarkmiðum þeirra náist.



Mynd 11. Straumvatn við skipulagssvæðið. Skjáskot fengið af Vatnavefsjá: vatnavefsja.vedur.is

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags fyrir svæðið fellur undir lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Með skipulagsvinnunni er skilgreind framtíðarstefna fyrir framkvæmdir sem geta haft áhrif á umhverfi sitt. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir lið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021, þar sem tilgreind eru hótél og tengd mannvirki utan þéttbýlis með heildarbyggingarmagni yfir 5.000 m² eða 200 gistirúmum, sem flokkast sem flokkur B. Unnið er að fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu verkefnisins og gert ráð fyrir að ferli matstilkynningar fari fram samhliða vinnu við breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags.

4.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir er gert grein fyrir í kafla 2.

4.2 VALKOSTIR

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag og deiliskipulag sem skipulagslýsing þessi nær til.

4.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁÆTLANIR

Í umhverfisskýrslu vegna aðalskipulags- og deiliskipulags breytingarinnar eru metin áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflunni hér að neðan, í samræmi við viðeigandi stefnuskjöl og viðmið (athugið að þessir þættir geta tekið breytingum).

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Landslag og ásýnd <i>Landnotkun</i> <i>Landslag</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038:</i> - Skipulag miði að vernd landslags, náttúru og menningarlandslags og tryggi heilnæmt umhverfi. <i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012–2030:</i> - Í sveitum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi; ný mannvirki tengist stöðum þar sem áður hefur verið búseta (m.a. bæjarhlöðum) og frágangur vandaður. <i>Umhverfis- og loftslagsstefna SFH 2022–2030:</i> - Byggð falli vel að umhverfi og styðji viðnámsprótt gagnvart loftslagsbreytingum.	Hefur stefnan áhrif á landnotkun? Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Náttúrufar <i>Gróðurfar</i> <i>Búsvæði dýra</i> <i>Vatnshlot</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038.</i> Stuðla að vernd og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og náttúru.	Hefur stefnan áhrif á gróður og dýr? Hefur stefnan áhrif vatnshlot?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding</i> <i>Kolefnishlutleysi</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038.</i> - Stefna um bindingu kolefnis og samdrátt í losun með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Umhverfis- og loftslagsstefna SFH 2022–2030.</i> - Skipulag og innviðir styðji orkuskipti og vistvæna ferðamáta; byggð falli vel að umhverfi og efli viðnámsprótt.	Hefur stefnan áhrif á gróður og dýr?
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði</i> <i>Grunnvatn</i> <i>Öryggi</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038.</i> - Tryggja heilnæmt umhverfi í dreifbýli m.t.t. vatnsverndar, vatnsveitu, fráveitu, úrgangs, hljóðvistar og loftgæða. <i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012–2030.</i> - Fráveitulausnir skulu vera viðurkenndar; forðast ónæði við nærliggjandi lóðir. <i>Reglugerðir/lög:</i> - Reglugerð um hávaða 724/2008, Reglugerð um fráveitur og skólp 798/1999, Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. <i>Vatnaáætlun Íslands 2020–2037.</i> - Vernda vatn og vistkerfi þess; koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa.	Er hætta á mengun eða hávað vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif vatnshlot?
Samfélag <i>Byggð</i> <i>Atvinnulíf</i> <i>Ferðapjónusta</i> <i>Öryggi</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038.</i> - Skipulag um uppbyggingu ferðapjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. - Stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með sjálfbærri nýtingu lands. <i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012–2030.</i> - Megin-seglar (m.a. Lækjarhús); dreifa álagi, bæta upplifun gesta og gera almenningi kleift að njóta náttúru og menningar.	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu við ferðamenn og sjálfbærri nýtingu lands?

Náttúru- og menningarminjar	<i>Landsskipulagsstefna 2024–2038.</i> - Skipulag stuðli að verndun náttúru- og menningarminja. <i>Reglugerðir/lög:</i> - Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Við fund ókunnra fornleifa skal stöðva vinnu og tilkynna Minjastofnun; friðhelgi 15 m um friðaðar og 100 m um friðlýstar fornleifar. - Lög nr. 22/2015 um örnefni. Örnefni teljast hluti menningararfs; viðhalda heitum og leita umsagnar Örnefnanefndar ef ný heiti koma til.	Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?
---	---	---

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Við kynningu skipulagslýsingarinnar gefst umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem geta nýst við mótun og útfærslu skipulagsins.

Skipulagslýsingin verður kynnt opinberlega með auglýsingu í fjölmiðlum og birt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu berast skriflega í gegnum skipulagsgáttina innan þess frests sem tilgreindur verður í auglýsingu.

5.1 UMSAGNARAÐILAR

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Minjastofnun Íslands
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Vegagerðin

Eftir þörfum verður jafnframt leitað umsagna annarra stofnana og eininga innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, eftir því sem við á fyrir einstaka þætti skipulagsvinnunnar.

5.2 SKIPULAGSFERLIÐ

Desember 2025 – Vika 50:	Skipulagslýsing kynnt
Janúar 2026 – Vika 3:	Kynning á tillögur á vinnslustigi
Febrúar/Mars 2026 – Vika 9:	ASK og DSK breytingar auglýstar
Júní 2026 – Vika 24:	ASK og DSK breytingar taka gildi